

Nd.

318. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins.

Frá bjargráðanefnd.

1. gr.

Við 1. gr. laga nr. 6, 8. febrúar 1917, bætist:

Enn fremur veitist ráðuneyti Íslands heimild, ef nauðsyn krefur, til þess að tryggja aðflutninga til landsins, að taka eignarnámi til útflutnings íslenskar afurðir hjá kaupmönnum, fjelögum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi, að frádregnu lögboðnu útflutningsgjaldi. Endurgjald skal ákveða eftir mati þriggja óvilhallra manna; skal einn þeirra kvaddur af landsyfrrjettinum, annar af bæjarfógetanum í Reykjavík og þriðji af stjórnarráðinu. Þeir kjósa sjer oddvita. Matsgerðir þeirra eru fullnaðarmatsgerðir. Eignarnemi þarf ekki að taka hið numda strax í sínar vörslur að matsgerð lokinni, en greiða skal hann eiganda eða umráðamanni hins numda hæfilegan geymslu-

kostnað eftir mati matsmanna. Að öðru leyti fer um framkvæmd eignarnáms-
ins eins og greinir í lögum nr. 61, 14. nóvember 1917, um framkvæmd
eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lög 1. febrúar 1917 vantar skýra heimild til þess að taka vörur eignarnámi, en nú er, vegna skuldbindinga þeirra, sem hvíla á landsstjórninni samkvæmt samningi milli hennar og stjórnna Bandamanna, óhjákvæmilegt að hafa slíka heimild til eignarnáms skýrt ákveðna í lögnum. Því að þótt rjett megi telja, að sú viðtæka heimild, sem framangreind lög veita landsstjórninni til að setja með reglugerðum ákvæði, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja aðflutninga til landsins, innifeli einnig heimild til að fyrirskipa eignarnám, er, eins og nú á stendur, nauðsynlegt að taka fyrir allan vafa um þetta atriði. Enn fremur er óhjákvæmilegt að fá sjerstakar reglur um eignarnám það, sem hjer um ræðir, aðallega að því er snertir matsmennina og kvaðningu þeirra, svo og um, að matsgerðir þeirra skuli vera fullnaðarmatsgerðir.